

**Nd.**

**399. Frumvarp**

til fjáráukalaga fyrir árið 1927.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, er veitt eru í fjárlögum fyrir 1927, eru veittar samkvæmt 2.—9. gr. hjer á eftir kr. 156457,98.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

1. Kostnaður við útgáfu á efnisyfirliti stjórnartíðindanna 1916 til 1925. ... ..	5730,88	
2. Til viðbótar við talningarfje ríkisfjehirðis ... ..	1000,00	
		6730,88

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

1. Til fangahúsbyggingar á Ísafirði... ..	» »	17404,95
---	-----	----------

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

1. Til kostnaðar við mænusóttarsjúklinga ... ..	» »	1000,00
---	-----	---------

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

1. Til byggingar á prestssetrinu Höskuldsstöðum ... ..	7317,05	
2. Til byggingar á prestssetrinu Saurbæ í Eyjafjarðars. ...	2000,00	
3. Til byggingar íbúðarhúss i Tröllatungu ... ..	4665,76	
4. Til íbúðarhússbyggingar á Bergþórshvoli ... ..	2600,00	
5. Álag til safnaðar Þingmúlasóknar ... ..	1078,81	
6. Til byggingar daufdumbraskólans ... ..	30500,00	
7. Til aðgerðar gagnfræðaskólans á Akureyri ... ..	4786,19	
8. Til aðgerðar rannsóknarstofu háskólans, Kirkjustræti 12	568,17	
9. Til viðbótarbyggingar á Eiðum ... ..	6500,00	
10. Til loftræstingar i mentaskólanum ... ..	5000,00	
11. Til girðingar um lóð kennaraskólans .. ..	2000,00	
12. Til aðgerðar skólahússins á Eiðum ... ..	2000,00	
13. Til skóla- og íbúðarhússbyggingar á Hólum ... ..	15000,00	
14. Smásjá handa rannsóknarstofu háskólans .. ..	2427,66	
		86443,64

Flyt 111579,47

Flutt 111579,47

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1. Til aðstoðar við Þjóðskjalasafnið ... ..	1800,00	
2. Til aukavinnu við Þjóðminjasafnið ... ..	132,00	
3. Til fornminjarannsóknna á Bergþórshvoli ... ..	4000,00	
		<u>5932,00</u>

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1. Til fyrirhleðslu í Hjeraðsvötnin hjá Vindheimum ... ..	1496,09	
2. Til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki ... ..	1028,31	
3. Til sjóvarnargarðsins á Siglufirði, tillag frá 30. apríl 1925 til 20. febr. 1927 ... ..	2221,30	
4. Húsaleiguestirstöðvar efnarannsóknarstofunnar 1926 ...	2400,00	
5. Til kostnaðar við stíflu á aðfærsluskurði við Miklavatns- mýraráveituna ... ..	3133,05	
		<u>10278,75</u>

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:}

1. Til sjera Björns Þorlákssonar, eftirlaunaviðbót frá 1. júní 1926 til 30. des. 1927 ... ..	502,55	
2. Til sjera Stefáns Jónssonar, eftirlaunaviðbót frá 1. okt. 1927 ... ..	133,20	
3. Til frú Vigdísar Steingrímsdóttur Arason, ekkju Þorvald- ar Arasonar póstafréiðslumanns ... ..	432,00	
4. Til Einars Benediktssonar skálds ... ..	5760,00	
5. Til frú Eleanor Sveinbjörnsson, ekkju Sveinbjarnar Svein- björnssonar tónskálds, frá 1. mars 1927 ... ..	1440,00	
6. Til frú Rögnu Gunnarsdóttur, ekkju Ólafs Gunnarssonar hjeraðslæknis ... ..	864,00	
7. Til frú Guðlaugar Magnúsdóttur, ekkju Bjarna Jónsson- ar frá Voggi ... ..	1728,00	
8. Til frú Helgu Skúladóttur, ekkju sjera Pjeturs Jónsson- ar frá Kálfafellsstað ... ..	326,97	
		<u>11186,72</u>

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

1. Heiðurslaun til O. Forberg landssimastjóra ... ..	10000,00	
2. Til aðgerðar konungshúsinu á Þingvöllum ... ..	157,01	
3. Til ríkisgjaldanefndarinnar ... ..	5000,00	
4. Til húsameistara, húsaleigu- og ferðakostnaður m. m. síðastliðið ár ... ..	678,28	
5. Til ferðakostnaðar út af ágreiningi við dýpkun Akur- eyrarhafnar o. fl. ... ..	1645,75	
		<u>17481,04</u>
		kr. 156457,98

## Athugasemdir við frumvarpið.

### Við 2. gr.

1. Þetta er kostnaður við samning og útgáfu efnisyfirlits þess, er gert var samkvæmt umtali á Alþingi.

2. Upphæð þessi er greidd samkvæmt eindregnum meðmælum fjárveitinga-nefndar Alþingis.

### Við 3. gr.

Með fjárlögum fyrir 1925 voru veittar 16000 kr. til byggingar fanga-húsa í Vestmannaeyjum og á Ísafirði, en það varð ekki úr að bygt yrði fyrir en 1926 í Vestmannaeyjum og 1927 á Ísafirði. Kostnaðurinn varð á báðum stöðum miklu meiri en gert hafði verið ráð fyrir. — Á Ísafirði varð kostnaðurinn svo mikill, með fram vegna þess, að lóð undir húsið þurfti að kaupa dýru verði.

### Við 4. gr.

Þar sem fje það, er á sínum tíma var veitt til hjálpar mönnum, sem tekið höfðu mænnsótt, hrökk ekki til að hjálpa þeim öllum, er þó virtist sjálf-sagt, úr því nokkrum var hjálpað, hefir orðið nauðsynlegt að nota meira fje til lækningarhjálp. Má jafnvel búast við, að eitthvað þurfi enn að greiða til þessa.

### Við 5. gr.

1. Prestssetrið á Höskuldsstöðum brann til kaldra kola. Í staðinn var bygt nýtt prestsseturshús upp á væntanlega aukafjárveitingu, þar sem veitt fje var ekki fyrir hendi. Þessi upphæð er lokagreiðsla á þeim kostnaði öllum.

2. Verið er að byggja prestsseturshús á Saurbæ í Eyjafirði. Veitt fje nægir hvergi nærri til þess að fullgera það hús.

3. Þar sem veitt fje til byggingar á prestssetrinu Kollafjarðarnesi hrökk ekki til byggingarinnar, varð að taka þessa upphæð upp á væntanlega auka-fjárveiting.

4. Prestsseturshúsið á Bergþórshvoli hefir alt verið bygt í samráði við Alþingi án þess fje til þess væri veitt. Allur kostnaðurinn hefir verið tekinn upp á væntanlega aukafjárveiting. Þetta er ein með síðustu greiðslum til þess húss, en ekki hin síðasta.

5. Það er sjálfsagt og líka lögum samkvæmt að losa ríkið sem fyrst við kirkjurnar og fá þær í hendur söfnuðunum. Þessa upphæð varð að greiða sem álag á Þingmúlakirkju til þess, að söfnuðurinn fengist til að taka við kirkjunni.

6. Þessi upphæð er nálægt helmingi þeirrar upphæðar, sem hin nýja bygging daufdumbraskólans kostar. Mikið af því fje mun koma aftur, sem and-virði fyrir seldar lóðir úr landi ríkisins þar. Megnið af því landi er nú selt, og kemur andvirðið inn smám saman á næstu árum.

7. Ýmsar aðgerðir voru nauðsynlegar á húsi gagnfræðaskólans á Akur-eyri, er eigi var veitt fje til.

8. Þetta er lokagreiðsla á kostnaði við aðgerð á rannsóknarstofunni.

9. Viðbótarbyggingin á Eiðum kostar miklu meira en gert var ráð fyrir.

Þetta er ekki lokagreiðsla, en þó er nú mjög lítið eftir ógreitt. Byggingin kostar liðugar 80000 kr.

10. Talið var nauðsynlegt að koma fyrir í Mentaskólanum loftræstingar-áhöldum.

11. Auk girðingar um lóð kennaraskólans þurfti að laga lóðina, og er þessi upphæð kostnaður við lóðina.

12. Það þótti ekki verða hjá því komist að dúkleggja gólf í skólanum og gera ýmislegt fleira.

13. Brunabótafje skólahússins á Hólum hefir ekki hrokkið fyrir byggingu nýs skólahúss, og hefir því þessari upphæð verið ávísað um fram brunabótafjeð. Húsið mun þó ekki þannig fullgert enn, að fullvist sje, hve mikið það muni kosta.

14. Háskólinn fór fram á að fá smásjár, er ekki mátti án vera, og var sjálfsgat að verða við þeirri beiðni.

#### Við 6. gr.

1. Eins og fyrr hefir helmingur kostnaðar við aðstoðarmann á Þjóðskjalasafninu verið greiddur af fje safnsins. Þetta er hinn helmingurinn.

2. Þetta er þóknun nokkurra kvenna fyrir að sýna safnið utan venjulegs tíma útlendum ferðamönnum.

3. Kostnaðurinn við þessar fornminjarannsóknir varð ekki meiri árið 1927.

#### Við 7. gr.

1. Með því að ekki mátti dragast að fullgera fyrirhleðslu fyrir Hjeraðsvötn hjá Viðheimum, sem að mestu var gerð árið 1925, heimilaði ráðuneytið vegamálastjóra að láta fullgera hana haustið 1926, þannig að ríkissjóður greiddi  $\frac{2}{3}$  hluta kostnaðarins. Hann varð 2072 kr. 78 a. og því hluti ríkissjóðs 1381 kr. 85 a. En með því að ríkissjóður (kirkjujarðasjóður) á 5 jarðir á svæði því, sem  $\frac{1}{3}$  hluta fyrirhleðslukostnaðarins var jafnað niður á, bætast við 114 kr. 24 a., sem jafnað var niður á þessar jarðir, þannig að öll upphæðin, sem greidd var, er 1496 kr. 09 a.

2. Til þessa sjóvarnargarðs er veitt fje bæði i fjárukalögum fyrir 1925 og 1926; samtals 49000 kr., en þær fjárveitingar hafa ekki hrokkið til þess að gera garðinn. Kostnaðurinn varð alls 54948 kr. 31 e., og hafa verið greiddar af hlutaðeigendum á Sauðárkróki 4920 kr., en mismuninn, 50028 kr. 31 e., hefir ríkissjóður orðið að greiða. Hafa þessar 1028 kr. 31 e. gengið til garðsins umfram þær 49000 kr., sem eins og að ofan segir þegar eru veittar i tjeðum fjárukalögum.

3. Tillag ríkissjóðs til viðhalds garðsins samkvæmt samkomulagi við bæjarfjelag Siglnfjarðar.

4. Með samningi, dags. 6. nóvbr. 1925, var leigt húsnæði handa efna-rannsóknastofunni i húsi forstöðumannsins fyrir 3000 kr. á ári, og skyldu af því 2400 kr. ganga árlega til greiðslu afborgana og vaxta af viðlagasjóðsláni hans út af byggingu tjeðs húss hans, veittu honum 6. nóv. 1925. Það hafði láðst að ávísa þessu árið 1926, og er því nú leitað aukafjárveitingar fyrir þessari upphæð.

5. Flóðgátt Miklavatnsmýraráveitunnar ónýttist í flóði úr Þjórsá í fyrra og var eigi talið fært að láta dragast að gera við gáttina, vegna skemda, sem af því gátu stafað. Er upphæð þessi  $\frac{3}{4}$  hlutar kostnaðarins við endurbyggingu flóðgáttarinnar, en  $\frac{1}{4}$  hluta greiddu hlutaðeigendur á áveitusvæðinu.

Við 8. gr.

1.—8. Samskonar fjárveitingar eru frá 1. jan. 1928 teknar upp í fjárlög.

Við 9. gr.

1. Þessi upphæð greidd samkvæmt ályktun Alþingis.
2. Eigi varð hjá því komist að láta framkvæma þessa smáaðgerð.
3. Nefnd þessi var skipuð samkvæmt eindregnum vilja meiri hluta þingmanna.
4. Upphæð þessi er greidd upp í húsaleigu- og skrifstofukostnað húsameistara og fyrir smáferðalög í þágu stjórnarinnar.
5. Á síðastliðnu ári var gerður samningur við firmað Kampmann Kjerulff & Saxild í Kaupmannahöfn um dýpkun nokkurra hafna hjér við land með sjerstöku til slíkra starfa gerðu skipi. Skipið kom hingað á tilsettum tíma og vann að dýpkun Vestmannaeyja- og Akureyrarhafna síðari hluta síðastliðins vetrar og síðastliðið sumar, en ágreiningur reis við Akureyrarkaupstað út af greiðslu gjaldsins fyrir verkið. Var fyrv. atvinnumálaráðherra Magnús Guðmundsson fenginn til að fara til Akureyrar ásamt vitamálastjóra til samninga og fjelst bæjarstjórn Akureyrar á að borga kostnaðinn af dýpkuninni, en ferðakostnað þeirra vitamálastjóra og M. G. og ýmsan annan smákostnað skipinu við komandi, sem vitamálastjóri hafði haft, var ekki farið fram á að Akureyrarkaupstaður greiddi, og er það þessi upphæð, sem rjett þykir að ríkissjóður eftir atvikum greiði.